

11. gr.

Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þegar í stað og skal hún vinna að undirbúningi að gildistöku laganna.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1984.*

**Steingrímur Hermannsson.**

**Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**

**Magnús Þ. Torfason.**

(L.S.)

---

*Matthías Bjarnason.*

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna komi nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal útflutningsgjald af saltfiski, framleiddum á árinu 1984, vera 4% af fób-verðmæti. Sama gildir um skreið sem framleidd var fyrir 31. desember 1983 og ógreidd var á þeim degi.

Jafnframt er ráðherra heimilt að lækka eða fella niður útflutningsgjald af fódurlýsi sem er framleitt á árunum 1984 og 1985, enda flytji framleiðandi það út undir íslensku vörumerki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1984.*

**Steingrímur Hermannsson.**

**Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**

**Magnús Þ. Torfason.**

(L. S.)

---

*Halldór Ásgrímsson.*